

Ed.

146. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd ræddi frumv. á einum fundi og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Hefur minni hl. þegar skilað séráliti.

Á síðasta þingi lá frumv. samhljóða þessu fyrir efri deild og var afgreitt þaðan þannig, að deildin vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar. Ástæðan fyrir þeirri afgreiðslu var sú, eins og fram kom í nál. þá, að verið var að endurskoða vegalög af millipinganefnd samkv. þingsályktun frá 1961, og var þá og er enn húizt við, að frumv. til nýrra vegalaga komi fyrir Alþingi í vetur. Þingsályktun sú gerir ráð fyrir auknum fjárframlögum til vega frá því, sem verið hefur, og að vegamálanefndin leitist við að benda á færar leiðir í því efni.

Að sjálfsgöðu er ekki ágreiningur um það í samgöngumálanefnd, að mikil þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi. En sú þörf er einnig brýn í öllum öðrum landshlutum, bæði að því er snertir nýbyggingar og endurbætur eldri vega, sem eru orðnir algerlega óviðunandi víða miðað við nútímakröfur.

Þingmenn úr mörgum kjördæmum hafa flutt fjölda af breytingartillögum við vegalög, er ganga í þá átt að reyna að bæta úr, þar sem þörf kallar að. Einnig hafa þingmenn úr Vestfjarðakjördæmi flutt þingsályktunartillögu um áætlun um vegi á Vestfjörðum og flutningsmenn þessa frumv. breytingartillögu við þá þáttill., er gengur í svipaða átt og þetta frumvarp.

Þegar á þetta mál er litið í heild og endurskoðun þá á vegalögum, sem að var vikið, sýnast þau vinnubrögð eðlilegust, að leitast sé við að afgreiða allar þessar tillögur og málið í heild með einu frumv., og vill meiri hluti n. vænta þess, að það megi takast á þessu þingi. Lagði hann til á nefndarfundi, að beðið væri með að afgreiða frumv. í nefnd, þar til betur væri séð en nú er, hvað fram kemur á þessu þingi til lausnar því máli, er hér um ræðir, bæði að því er snertir einstaka landshluta og landið í heild. Á þá bið vildi minni hl. n. ekki fallast.

Í samræmi við það, er að framan greinir, og afgreiðslu samhljóða frumv. á næstliðnu vori leggur meiri hl. n. til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. nóv. 1962.

Jón Þorsteinsson,
form.

Jón Árnason,
fundaskr.

Bjartmar Guðmundsson,
frsm.